

# Aðgerðaráætlun Undralands 2018-2019

## Inngangur

Frístundaheimilið Undraland heyrir undir frístundamiðstöðina Tjörnina sem að þjónustar Vesturbæ, Miðborg og Hlíðar. Tjörninn heyrir undir skóla- og frístundasvið Reykjavíkur. Undraland þjónustar börn í 1. og 2. bekk í Grandaskóla í Vesturbæ og er staðsett á jarðhæð skólans við Rekagranda og í húsi á lóð hans.

Forstöðumaður er Eyrún Eva Haraldsdóttir og aðstoðarforstöðumaður er Guðrún María Ingólfssdóttir. Starfsmenn eru 18 talsins, með fjölbreytta menntun og reynslu.

Starfsáætlanir frístundamiðstöðvanna 2018-2019 eru unnar út frá Menntastefnu Reykjavíkurborgar og Stefnu um frístundaþjónustu í Reykjavík til 2025. Einnig er tekið mið af lögum og reglugerðum, upplýsingum um þátttöku í starfinu, niðurstöðum kannana um starfið og rannsóknnum á stöðu barna og unglinga í hverfinu. Starfsáætlunin tekur gildi 1. september 2018 og gildir til 31. ágúst 2019.

Undraland fylgir starfsáætlun Tjarnarinnar sem hægt er að nálgast á heimasíðu frístundamiðstöðvarinnar, [www.tjornin.is](http://www.tjornin.is). Þar má finna nánari upplýsingar um markmið og leiðir í starfinu.

Aðgerðaráætlun hvernar starfseiningar er sett upp í svipuðu formi og skóladagatal til að foreldrar og forráðamenn geti fylgst með dagskránni hverju sinni.

## Leiðarljós, hlutverk, framtíðarsýn og gildi

### Leiðarljós

Að öll börn og ungmenni í borginni eigi kost á menntun og leik við sitt hæfi, þar sem ýtt er undir sköpun og frumkvæði og byggt er á styrkleikum, áhuga og færni hvers og eins. Þeim líði vel, fari stöðugt fram og öðlist uppeldi og menntun sem nýtist þeim í lífinu.

### Hlutverk og framtíðarsýn

Að koma til móts við þarfir ólíkra einstaklinga, stuðla að alhliða þroska þeirra og búa þá undir virka þátttöku í lýðræðissamfélagi sem tekur örum breytingum.

Framtíðarsýn skóla- og frístundasviðs er að gefa börnum og ungmennum rík tækifæri til að rækta hæfileika sína og blómstra í leik, námi, starfi og lífinu almennt.

Einnig hefur sviðið sett sér það hlutverk að vera framsækið forystuafl í skóla- og frístundastarfi.

Frístundamiðstöðvar leggja áherslu á að börnum og unglingum standi til boða frístundastarf sem hefur uppeldis- og menntunargildi og tekur mið af aldri þeirra og þroska. Áhersla er lögð á virka þátttöku, reynslunám, lýðræði og mannréttindi. Sérstaklega er hugað að því að virkja einstaklinga sem þurfa sérstaka hvatningu og stuðning vegna fötlunar eða félagslegrar stöðu. Starf á vegum frístundamiðstöðva er í eðli sínu forvarnarstarf þar sem unnið er með viðhorf og atferli barna og unglinga í átt til heilbrigðs lífsstíls og virkni í samfélaginu.

### **Gildi**

Framsækni - gott getur alltaf orðið betra.

Umhyggja - okkur er ekki sama.

Fjölbreytileiki - með opnum hug opnast dyr.

## **Umbótaþættir og áhersluatriði**

Frístundamiðstöðvar vinna sínar starfsáætlanir fyrir 2018-2019 út frá stefnukorti skóla- og frístundasviðs og þeim markmiðum sem sett voru fram með stefnukortinu þegar sviðið var stofnað. Að auki eru þær unnar út frá umbótaþáttum starfsáætlunar SFS 2018 sem eru:

- **Málþroski, lestrarfærni og lesskilningur**
- **Verk-, tækni og listnám**
- **Lýðræði, jafnrétti og mannréttindi**
- **Fjölmening**

Að auki hafa frístundamiðstöðvarnar sett sér þrjú áhersluatriði sem unnið verður með þvert á borgina. Þau eru:

- **Lýðræði**
- **Lýðheilsa**
- **Foreldrasamstarf**

Lykilmálaþætti sem unnið er með í starfinu má finna í starfsskrá frístundamiðstöðvanna í Reykjavík. Þeir eru:

- **Sjálfmynd**
- **Umhyggja**
- **Félagsfærni**
- **Virkni og þátttaka**

## **Nálgun**

Við gerð aðgerðaráætlunar er leitast við að hafa víðtækt samráð við sem flesta hagsmunaaðila til þess að geta sem best mætt þörfum þeirra og óskum um þjónustu. Meðal annars var leitað eftir hugmyndum barnanna um það hvernig þau vilja sjá starfið. Einnig var leitað til foreldra og þeir hvattir til að koma tillögum um verkefni eða betrumbætur á starfinu til forstöðumanna

sem gætu nýst í þessari vinnu. Sömuleiðis voru starfsmenn virkir og komu með góðar tillögur að verkefnum sem geta nýst til að ná framangreindum markmiðum og áherslum í starfinu.

## **Aðgerðaráætlun 2018-2019**

Aðgerðaráætlun nær frá 22. ágúst 2018 til og með 21. ágúst 2019. Aðgerðaráætlunin er hvorki tæmandi né bindandi, enda er starfið lifandi vettvangur sem tekur mið af þörfum barna- og starfsmannahópsins. Áætlunin á þó að gefa góða mynd af því hvernig unnið er í með framangreind markmið í Undralandi og áhersluþættir settir í framkvæmd.

Ávallt er boðið upp á útiveru, hreyfingu og frjálsan leik í bland við fjölbreyttar smiðjur, klúbba og þematengd verkefni. Með þessu móti er jafnvægi milli þess að leyfa börnunum að njóta sín með félögum og sinna sínum hugðarefnum. Þannig fá börnin það mesta út úr veru sinni í frístundaheimilinu. Áhersla er lögð á að styðja við lestrarnám með óformlegum hætti, til dæmis með því að hafa gott aðgengi að bókum í frístundaheimilinu og hafa ritmál sýnilegt í umhverfinu.

Undraland vinnur út frá hugmyndafræði um virkt barnalýðræði þar sem leitað er fjölbreyttra leiða til að fá fram sjónarmið og raddir barna.

Undraland notar opinn efnivið og fléttar tækni inn í starfið svo að krökkum gefist færi á að fá sem flesta snertifleti við verk-, tækni- og listnám. Lögð er áhersla á skapandi verkefni, í stuttum smiðjum eða lengri klúbbum.

## **Dagskrá skólaárið 2018-2019**

### **Ágúst**

*– fyrstu kynni við börn og foreldra og kynning á starfinu.*

Eftir fyrstu tvær vikur vetrarstarfsins ættu starfsmenn að þekkja öll börn með nafni.

Fyrstu tvær vikurnar þarf að leggja áherslu á gott upplýsingaflæði til foreldra, einkum og sér í lagi foreldra barna sem eru að byrja í Undralandi. Hefðbundin dagskrá og áhersluþættir í starfinu eiga að liggja fyrir. Þá er ekki síður mikilvægt að starfsmenn Undralands gefi sér tíma til að staldra aðeins við og spjalla við foreldra sem eru að sækja börnin sín, svo góð kynni myndist.

Á samverustundum er lögð áhersla á gleði, vináttu og samheldni. Styrkja verður þá tilfinningu barnanna að Undraland sé þeirra staður.

Einnig verður lögð áhersla á að þau börn sem voru áður í Undralandi séu ánægð með að vera komin aftur.

## Helstu dagsetningar:

**7. ágúst:** Sumarfrístund hefst aftur eftir sumarlokun.

**13. ágúst:** Bókin „Velkomin í frístundaheimilið þitt“ send út. Bókin leiðir börn sem byrja í 1. bekk í gegnum dagsskipulagið í frístundaheimilinu og býður þau velkomin.

**20. ágúst:** Síðasti dagur sumarfrístundar.

**21. ágúst:** Starfsdagur frístundaheimila Tjarnarinnar – Lokað í Undralandi.

**22. ágúst:** Skólasetning Grandaskóla – Lokað í Undralandi.

**23. ágúst:** Fyrsti dagur vetrarfrístundar fyrir börn í 2. bekk sem hafa fengið samþykkt pláss.

**24. ágúst:** Fyrsti dagur vetrarfrístundar fyrir börn í 1. bekk.

## September

*- klúbba- og smiðjustarf og formleg foreldrakynning.*

Þegar starf Undralands er komið í fastar skorður hefst klúbba- og smiðjustarf í Undralandi.

Í september er öllum foreldrum boðið á kynningu á starfsemi Undralands.

## Helstu dagsetningar:

**17. – 21. september:** Hreysti- og vellíðunarvika Tjarnarinnar. Þetta er fyrsta þemavikan af mörgum.

**19. september:** Foreldrakynning í Undralandi á milli 17:15 og 18:00.

## Október

*- Siðfræðikennsla, Vísinda- og tilraunavika og vetrarfrí.*

Í Undralandi fer fram siðfræðikennsla á samverustundum. Börnunum eru kynnt hugtök og tæki sem geta hjálpað þeim við að rækta mannkosti sína. Í október er börnunum kennt hugtakið „dyggð“ og að leysa félagslegar uppákomur með því að spyrja: Hvað myndi besta útgáfan af mér gera?

## Helstu dagsetningar:

**3. október:** Heill dagur í Undralandi vegna foreldraviðtala í Grandaskóla. Skrá þarf sérstaklega fyrir þennan dag.

**8. – 12. október:** Vísinda- og tilraunavika.

**18. – 22. október:** Vetrarleyfi. Lokað í Undralandi.

**18. október:** Fjölskylduviðburður í vetrarleyfi á vegum Tjarnarinnar.

**31. október:** Hrekkjavaka.

## Nóvember

- *Siðfræðikennsla, Barnasáttmálavika og undirbúningur fyrir jólamarkað.*

Siðfræðikennsla heldur áfram og í nóvember er áhersla lögð á hugtakið „umhyggja“ og mikilvægi þess að rækta góð sambönd við fólk. Börnin læra að spyrja sig: Hvað gæti ég gert til að styrkja sambönd mín við aðra?

Undirbúningur fyrir jólamarkað í desember hefst.

## Helstu dagsetningar:

**3. nóvember:** Heill dagur í Undralandi vegna starfsdags kennara í Grandaskóla. Skrá þarf sérstaklega fyrir þennan dag.

**19. – 23. nóvember:** Barnasáttmála- og réttindagönguvika. Vikan haldin í tilefni afmælis Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og til að minna börn á réttindi sín.

**23. nóvember:** Réttindaganga 2. bekkjar. Börn í 2. bekk ganga fylktu liði á fund fyrirmanna í lögreglufylgd. Þau minna þá og aðra borgarbúa á að börn eigi lögvarinn rétt.

## Desember

- *Siðfræðikennsla, jólamarkaður og jólafrí.*

Í siðfræðikennslu desembermánaðar verður lögð áhersla á hugtakið „samfélag“. Börn læra hvað það þýðir að búa í samfélagi og um mikilvægi þess að allir fylgi sömu reglum. Þau læra að spyrja sig: Hvað myndi ég gera ef allir vissu hvað ég væri að gera?

## Helstu dagsetningar:

**6. desember:** Jólamarkaður fjölskyldunnar í Tjörninni. Allur ágóði rennur óskiptur til UNICEF.

**24., 25., 26. og 31. desember:** Jólafrí. Lokað í Undralandi.

**20., 21., 27. og 28. desember:** Heilir í dagar í Undralandi vegna jólaleyfis. Skrá þarf sérstaklega á þessa daga.

## Janúar

- *Siðfræðikennsla, foreldraviðtöl og nýir klúbbar/smiðjur.*

Hugtak siðfræðikennslu í janúar er „hamingja“. Börnin læra að spyrja sig: Hvað gæti ég gert til að auka hamingju sem flestra?

Klúbbastarf hefst að nýju og nýir klúbbar verða kynntir til sögunnar. Eftir jólafrí fer starfið rólega af stað og áhersla lögð á að allir samræmist rútinu Undralands á ný.

Foreldrum býðst að koma í viðtal til stjórnenda Undralands.

## Helstu dagsetningar:

**1.janúar:** Lokað í Undralandi.

**2. og 3. janúar:** Heilir dagar í Undralandi vegna jólaleyfis og starfsdags kennara. Skrá þarf sérstaklega á þessa daga.

## Febrúar

- *Siðfræðikennsla, fjölmiðlalæsisvika, vetrarfrí og skráning vegna næsta skólaárs.*

Í febrúar verður farið í hugtakið „frelsi“ í siðfræðikennslu Undralands. Börnin læra að spyrja sig: Hvað gæti ég gert til að hámarka frelsi sem flestra?

Skráning í frístund vegna skólaársins 2019-2020 er í enda febrúar.

## Helstu dagsetningar:

**5. febrúar:** Heill dagur í Undralandi vegna foreldraviðtala í Grandaskóla. Skrá þarf sérstaklega á þennan dag.

**11. – 15. febrúar:** Fjölmiðlalæsisvika.

**25.-26. febrúar:** Vetrarleyfi. Lokað í Undralandi.

**25. febrúar:** Fjölskylduviðburður í vetrarleyfi í boði Tjarnarinnar.

## Mars

- *Siðfræðikennsla og vika fjölbreytileikans.*

Siðfræðikennsla heldur áfram og verður áherslan á hugtakið „skylda“ með því að fjalla um mikilvægi þess að vera fyrirmynd. Börnin læra að spyrja sig: Hvað myndi ég gera ef ég þyrfti að vera öðrum til fyrirmyndar?

## Helstu dagsetningar:

**6. mars:** Öskudagsskemmtun í Undralandi.

**11. – 15. mars:** Vika fjölbreytileikans.

**18. mars:** Heill dagur í Undralandi vegna starfsdags kennara í Grandaskóla. Skrá þarf sérstaklega á þennan dag.

## Apríl

- *Páskafrí og Barnamenningarhátíð.*

Undraland býður upp á dagskrá þá daga sem skólinn er lokaður í páskafrí. Skrá þarf sérstaklega fyrir þessa daga. Undraland er hins vegar lokað á hátíðisdögum.

Barnamenningarhátíð er haldin hátíðleg í Reykjavíkurborg í enda apríl. Undraland tekur þátt í hátíðarhöldunum, fer á viðburði og/eða býður heim.

Í apríl er einnig kynning á sumarstarfi Undralands og skráning í sumarfrístund hefst.

## **Helstu dagsetningar:**

**15.-17. apríl:** Heilir dagar í Undralandi vegna páskaeyfis. Skrá þarf sérstaklega fyrir þessa daga.

**18., 19 og 22. apríl:** Páskafrí. Lokað í Undralandi.

**23. apríl:** Heill dagur í Undralandi vegna starfsdags kennara í Grandaskóla. Skrá þarf sérstaklega fyrir þennan dag.

**25. apríl:** Sumardagurinn fyrsti. Lokað í Undralandi.

## **Maí**

- *Útivera og kassabílarallý*

Í maí er lögð mikil áhersla á útiveru í Undralandi. Farið verður í hjóla- og fjöruferðir og útidagar verða á blíðviðrisdögum.

Hið árlega kassabílarallý frístundaheimilanna fer fram á Ingólfstorgi 31. maí. Börnin æfa snerpu og leikni í margar vikur fyrir viðburðinn, fönbra búninga og eru hluti af árlegu kassabílarallýsmyndbandi. 2. bekkur tekur þátt í rallyinu en 1. bekkur skipar stuðningsliðið.

## **Helstu dagsetningar:**

**1.maí:** Verkalýðsdagurinn. Lokað í Undralandi.

**10. maí:** Heill dagur í Undralandi vegna starfsdags kennara í Grandaskóla. Skrá þarf sérstaklega fyrir þennan dag.

**30. maí:** Uppstigningadagur. Lokað í Undralandi.

**31. maí:** Kassabílarallý 1. og 2. bekkjar á Ingólfstorgi

## **Júní**

- *Vetrarstarfi lýkur og sumarfrístund hefst.*

Skólaslit eru 7. júní. Að þeim loknum taka við skipulagsdagar í Undralandi. Sumarfrístund hefst þriðjudaginn 11. júní. Skrá þarf sérstaklega í sumarfrístund Undralands 2019.

**6. júní:** Starfsdagur. Lokað í Undralandi.



**10. júní:** Annar í hvítasunnu: Lokað í Undralandi.

**11. júní:** Sumarstarf hefst.

## **Júlí**

- Sumarlokun.

Undraland er lokað í fjórar vikur yfir sumarið.

## **Ágúst**

**6. ágúst:** Seinni hluti sumarstarfs hefst.

Vetrarfrístund 2019 – 2020 hefst.